



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um þjónustu og tíðni borgarlínu.

Á fundi borgarráðs 9. mars sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

Mun borgarlína þurfa að draga úr þjónustu og tíðni ferða ef svipað áfall gengur yfir okkur og í COVID faraldrinum? Þá urðu áföll í tekjum Strætó og í kjölfarið varð að fækka ferðum og skera niður. Þyrfti að skera niður tíðni ferða eða þjónustu borgarlínu ef við yrðum fyrir efnahagsáfalli, líkt og COVID-19 hafði á rekstur Strætó þegar skera þurfti niður? Eru einhverjar áætlanir eða samningar í kortunum um hvernig þjónusta borgarlínu skuli tryggð ef efnahagsáfall eða önnur áföll dynja yfir okkur?

Í áföllum eins og t.d. COVID-19 er alvanalegt að verði nauðsynlegt að skera niður og/breyta þjónustu til að koma í veg fyrir smit og/eða draga úr tapi. Slíkar ákvarðanir eru háðar bæði samfélagslegu og efnahagslegu umhverfi hverju sinni og þarf að skoða með tilliti til þeirra atvika sem glímt er við hverju sinni. Ef efnahagsáfall hefur áhrif á fjármagnsstraum borgarlínu, gæti það valdið því að taka þyrfti ákvarðanir um að draga úr þjónustu eða skera niður ferðir. Það getur þó einnig verið að efnahagsáfall hefðu það í för með sér að bæta þyrfti í þjónustu með fleiri og tíðari ferðum ef áföllin verða þess eðlis.

Í neyðartilvikum leggja flestir opinberir aðilar áherslu á að til staðar séu vandaðar áætlanir og undirbúningur fyrir hvers konar áföll sem upp geta komið, hvort sem um er að ræða atburði af efnahagslegum toga eða annars konar ástand. Gert er ráð fyrir því að við innleiðingu verkefna samgöngusáttmálans þ.m.t. borgarlínu verði reynt að taka mið af sem flestum sviðsmyndum sem geti haft áhrif á þjónustu almenningsþjónustunnar til að tryggja þarfir notenda á besta mögulega hátt.

Að öðru leyti en þessu er ekki unnt að svara fyrirspurninni, enda er hún háð svo mörgum óvissuþáttum að eingöngu yrði um getgátur að ræða og verður ekki f.h.borgarráðs óskað eftir frekari efnislegum svörum.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar